

Nd.

353. Tillaga

til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um skatt af heiðursmerkjum.

Frá fjárveitinganefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirhúla löggjöf um skatt af íslenskum heiðursmerkjum og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp um það efni. Verði hæð skattsins og væntanleg tekjuvon af honum fyrir ríkissjóð við það miðuð, að fullkomlega greiðist kostnaður sá, sem ríkið hefir og hefir haft af Fálkaorðunni.